

Stefna og markmið Límtré Vírnets ehf.

Stefna

Forsendur viðskiptahagsmuna Límtré Vírnets ehf. eru gæði vöru og þjónustu sem fyrirtækið veitir til viðskiptavina sinna.

Fyrirtækið og allir starfsmenn þess leggja því ávallt ríka áherslu á að:

1. Stuðla að sífelldum endurbótum og breytingum á ferlum og framleiðslubúnaði.
2. Viðskiptavinurinn fái trausta og faglega ráðgjöf sem leiðir til þess að LV verði alltaf fyrsta val.
3. Þjóða byggingarlausnir og vörur sem henta aðstæðum og eru eftirsóttar á íslenskum byggingamarkaði.
4. Bæta stöðugt virkni stjórnunarkerfanna.
5. Leitast við að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif og auka sjálfbærni í öllum ferlum og starfsemi fyrirtækisins.
6. Gæta þess að öll störf séu metin að verðleikum og fulls jafnræðis gætt hvað varðar verðmæti þeirra, laun og vinnuframlag. Lágmarka starfsmannaveltu með fyrirmyndar starfsumhverfi, faglegri starfsmannastefnu, markvissri þjálfun og virkri öryggisstefnu.

Markmið

- Bæta verulega upplýsingaflæði gagna, tæknistig, öryggi og gæði með stafrænni tækni og endurnýjun framleiðslubúnaðar með sérstöku átaki sem stendur til loka árs 2024.
- Allir starfsmenn fái nauðsynlega þjálfun og þekkingu til að rækja sín störf í samræmi við kröfur og stjórnkerfi fyrirtækisins, sem og þær reglur og staðla sem viðkomandi starfsemi byggist á.
- Koma á CE vottun á öllum framleiðsluvörum fyrirtækisins þar sem krafa er um slíkt fyrir árið 2025.
- Starfrækja vottuð og virk stjórnkerfi í öllum deildum fyrirtækisins sem uppfylla kröfur ÍST EN ISO 9001:2015 Gæðastjórnunarkerfi og ÍST 85:2012 Jafnlaunakerfi.
- Gera vistferilsgreiningu (LCA) og gefa út umhverfisýfirlýsingu (EPD) fyrir Límtré og steinullareiningar 2022 – 2023.
- Starfsemi fyrirtækisins verður stöðugt umhverfisvænni og mun standast að lágmarki kröfur ISO 14001:2015 Umhverfisstjórnunarkerfi. Skal vera lokið 2024.
- Beitum stöðugt aðferðum öryggis og áhættustjórnunar og vinnum að því að uppfylla kröfur ÍST ISO 45001 Stjórnunarkerfi um heilbrigði og öryggi á vinnustað. Skal vera lokið 2024.